

kvæmt 30. gr. sömu laga, sbr. skiptafund stefnanda, ber að dæma málið að efni til og tak aðalkröfu stefnanda til greina, þ. e. að rifta ber gildi fjárnáms þess, sem gert var í eignum Kaupfélags Austfjarða þann 15. og 16. febrúar 1968 til tryggingar kröfum, tildæmdum stefnanda í dómi bæjarþings Seyðisfjarðar þann 27. janúar 1968, og skila uppboðsandvirði hinna fjárumdu muna til stefnanda aftur.

Þá þykir eftir atvikum rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, og verða málskostnaðarkröfur því ekki teknar til greina.

Dóm þenna kvað upp Axel V. Tulinius lögfræðingur, setudómari í máli þessu samkvæmt skipun dómsmálaráðuneytisins þann 15. maí 1968, en hinn reglulegi dómari vék sæti í málinu með úrskurði sínum þann 14. sama mánaðar.

#### Dómsorð:

Gildi hins umstefnda fjárnáms er rift, og ber að skila stefnanda, þrotabúi Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, uppboðsandvirði hinna fjárumdu muna.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 6. október 1969.

Nr. 152/1968. **Félagsmálaráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** (Ármann Jónsson hrl.)  
 gegn  
**Ríkisútvarpinu vegna Viðtækjaverzlunar ríkisins** (Guðmundur Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtak. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1968. Hann krefst þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak í eignum stefnda, Ríkis-

útvarpsins vegna Viðtækjaverzlunar ríkisins, til tryggingar landsútsvarsskuld, kr. 1.982.518.00, ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. ágúst 1967 til greiðsludags og kostnaði við löðtak og uppboð, ef til þess kemur. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar fógeta-dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í úrskurði fógeta-dóms.

Samkvæmt 3. og 4. gr. laga nr. 43/1966 bar Viðtækja-verzlun ríkisins að greiða landsútsvar, sem ákveðið væri með sama hætti og tekjuútsvar félaga, sbr. 2. tl. 32. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Gjöld þau af sjón-varpstækjum, sem mál þetta fjallar um, voru hluti af tekjum Viðtækjaverzlunar ríkisins. Þessi tekjuliður var því ekki undanþeginn álagningu landsútsvars, en ákvæði 2. gr. laga nr. 52/1962 breyta engu hér um. Kröfu áfrýjanda um dráttarvexti ber að taka til greina samkvæmt 62. gr. laga nr. 51/1964. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lög takið.

Rétt er samkvæmt úrslitum málsins, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og er hann ákveðinn samtals kr. 100.000.00.

#### Dómsorð:

Lögtak það, sem krafizt er, skal fram fara.

Stefndi, Ríkisútvarpið vegna Viðtækjaverzlunar ríkisins, greiði áfrýjanda, félagsmálaráðuneytinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, kr. 100.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

##### Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 68/1934 um útvarpsrekstur ríkisins skyldi allur verzlunarhagnaður af einkasölu ríkisins á

útvarpstækjum renna til Ríkisútvarpsins. Með ákvæðum laga nr. 57/1957 til bráðabirgða og 1. gr. laga nr. 52/1962 var hagnaði Viðtækjaverzlunarinnar um nokkur ár ráðstafað með sérstökum hætti, en þau ákvæði voru niður felld með 2. gr. laga nr. 13/1964. Í 2. gr. laga nr. 52/1962 er svo mælt, að hagnaður Viðtækjaverzlunarinnar af innflutningi sjónvarpstækja skuli renna til undirbúnings og rekstrar sjónvarps.

Um svipað leyti og lög nr. 52/1962 öðluðust gildi, komu til framkvæmdar lög nr. 38/1962 um breyting á 14. gr. laga nr. 68/1934, þar sem mælt er, að „einkasalan“ greiði fasteignaskatta og landsútsvar samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Skyldi landsútsvarið koma fyrst til framkvæmda á árinu 1963. Í samræmi við þetta ákvæði var Viðtækjaverzlun ríkisins seld undir landsútsvars-greiðslu með lögum nr. 69/1962, lögum nr. 51/1964 og lögum nr. 43/1966. Samkvæmt 18. gr., b lið, laga nr. 69/1962 skyldi Viðtækjaverzlunin greiða  $1\frac{1}{2}\%$  af heildarsölu sinni, sbr. reglugerð nr. 182/1962. Greiddi Viðtækjaverzlunin eftir þessu ákvæði landsútsvar árin 1963, 1964 og 1965. Í lögum nr. 43/1943, 3. og 4. gr., er svo mælt, að landsútsvar Viðtækjaverzlunarinnar og annarra tilgreindra ríkisstofnana skyldi ákveða með sama hætti og tekjuútsvar félaga, sbr. 2. tl. 32. gr. laga nr. 51/1964, án fráviks frá útsvarsstiga samkvæmt 34. gr. laga nr. 51/1964.

Svo sem rakið var, mæltu lög nr. 52/1962, að hagnaður Viðtækjaverzlunarinnar af innflutningi sjónvarpstækja skyldi renna til undirbúnings og rekstrar sjónvarps, en lög nr. 38/1962 ákváðu samtímis, að Viðtækjaverzlunin skyldi greiða landsútsvar samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Er auðsætt mál, að höfundar laga nr. 52/1962 og höfundar laga nr. 38/1962 hafa hvorki haft samstarf né samræmt lagatextana. Má rekja upptök ágreinings þess, sem nú skal leysa úr, til nefnds atriðis. Þá er litið er til þess, að lög nr. 52/1962 undanþiggja eigi skýrt og skorinort hagnað þann, sem þar greinir, landsútsvars-greiðslu, og seinni tíma lög, nr. 51/1964 og nú nr. 43/1966, kveða skýlaust á um

landsútsvarsskyldu Viðtækjaverzlunarinnar, verður hagnaður sá, sem getur í lögum nr. 52/1962, að teljast undir landsútsvar felldur.

Kröfu áfrýjanda um dráttarvexti ber að taka til greina, sbr. 62. gr. laga nr. 51/1964.

Niðurstaðan er því sú, að taka ber kröfu áfrýjanda til greina, fella úrskurð fógeta úr gildi og leggja fyrir hann að framkvæma hið umkrafða lögtak.

Þá er litið er til þess, hvernig lagatextar þeir, sem til álita koma í máli þessu, eru úr garði gerðir, er sanngjarnt, að málskostnaður í héraði og Hæstarétti falli niður.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Úrskurður fógetaðóms Reykjavíkur 24. júlí 1968.

Ármann Jónsson hæstaréttarlögmaður hefur gert þær réttarkröfur f. h. félagsmálaráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, að fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Ríkisútvarpsins, til tryggingar landsútsvarsskuld að upphæð kr. 1.982.518.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. ágúst 1967 til greiðsludags og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð og að sér verði úrskurðaður málskostnaður vegna flutnings máls þessa fyrir fógetaréttinum.

Réttarkröfur gerðarþola eru þær, að synjað verði um umbeðna lögtaksgerð og að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram hinn 9. þ. m.

Við álagningu landsútsvara á gjaldárinu 1967 gerði skattstjórnin í Reykjavík Viðtækjaverzlun ríkisins að greiða landsútsvar, kr. 2.219.089.00, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og er þar með talinn sá fjórðungshluti, sem Reykjavíkurborg ber. Var útsvarþola tilkynnt um álagninguna með bréfi, dags. 31. maí 1967, sjá rskj. 2. Þar er kærufrestur ákveðinn 15 dagar frá póstlagningu tilkynningarinnar.

Viðtækjaverzlunin kærði álagningu þessa til skattstjóra og síðar til ríkisskattanevndar, en báðum kærur var vísað á bug, með þeirri breytingu þó, að ríkisskattanevnd hækkaði landsútsvarsupphæðina um kr. 11.00, þannig að hún varð 2.219.100.00. Vísast hér að öðru leyti til rskj. 4 b, 5, 6 og 7.

Hinn 19. september 1967 voru greiddar kr. 236.582.00 upp í landsútsvarsupphæðina, þannig að eftir standa kr. 1.982.518.00, eins og ríkisskattanevnd gekk frá málum og að ofan er lýst.

Lögtaksbeiðni er dagsett 10. nóvember 1967. Þar er vísað til þess, að Viðtækjaverzlunin hafi verið lögð niður sem sjálfstæð stofnun með lögum nr. 19/1967, sem hafi kveðið svo á, að framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins tæki við óráðstöfuðum eignum verzlunarinnar svo og skuldum hennar. Er lögtaksmáli þessu því beint að Ríkisútvarpinu, og með bókun í réttarhaldi í málinu hinn 8. febrúar s.l. féll lögmaður þess frá fyrirvara varðandi aðild, er fram hafði komið í greinargerð hans.

Lögtaksbeiðni fjallaði um landsútsvarsskuld að upphæð kr. 1.982.507.00. Var tíðkanlegur lögtaksúrskurður kveðinn upp samdægurs og ritaður á gerðarbeiðni og birtur daginn eftir fyrir skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins. Lá þá ekki fyrir úrskurður ríkisskattanevndar, rskj. 7, en þar var álagning hækkuð um kr. 11.00, eins og að framan segir. Hefur lögmaður gerðarpóla lýst því yfir, að því sé ekki sérstaklega mótmælt, að kröfugerð gerðarbeiðanda hækki um þessa fjárhæð, þó að hinn tíðkanlegi lögtaksúrskurður taki ekki til hennar.

Viðtækjaverzlun ríkisins hafði einkarétt á að flytja útvarps- og sjónvarpstæki til Íslands, meðan hún starfaði, en hún var lögð niður, eins og að framan er minnt á, með lögum nr. 19/1967, sbr. auglýsingu nr. 123/1967, og hætti starfsemi 14. apríl 1967. A. m. k. síðustu starfsár sín tíðkaði Viðtækjaverzlunin að leyfa öðrum innflutning einkasölutækja gegn ákveðnu hundraðsgjaldi, sem ákveðið var af stjórn hennar: 15% af sjónvarpstækjum, en 30% af útvarpstækjum, en flutti sjálf inn verulegt magn þessara tækja. Þágildandi lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús var breytt með lögum nr. 57/1957, og að auki var í bráðabirgðaákvæði síðarnefndra laga mælt svo fyrir, að af hagnaði Viðtækjaverzlunarinnar 1957—1961 incl. skyldu  $\frac{3}{8}$  hlutar ganga til að greiða byggingarkostnað Þjóðleikhússins, en  $\frac{5}{8}$  hlutum var ráðherra heimilt að ráðstafa til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Lög nr. 52/1962 gerðu breytingu á nefndum bráðabirgðaákvæðum, þannig að árabilsákvæði þeirra var framlengt til 1963, en

jafnframt hnýtt við ákvæði, sem hefur orðið aðiljum máls þessa deiluefni, hvernig skýra beri, og er það á þessa leið:

„Hagnaður Viðtækjaverzlunar ríkisins af innflutningi sjónvarpstækja skal renna til Ríkisútvarpsins til undirbúnings og rekstrar sjónvarps“.

Um tekjustofna sveitarfélaga gilda lög nr. 51/1964 sem stofnlög, en áður voru í gildi lög nr. 69/1962, og voru þau fyrsta laga-boð um landsútsvar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. 17. grein þeirra laga kvað svo á, að Viðtækjaverzlun ríkisins væri landsútsvarsskyld, og 18. grein sagði fyrir um, að fjárhæð landsútsvars skyldi vera 5% af hagnaði. Lög nr. 51/1964 koma hér til breytingar að því leyti, að Viðtækjaverzlunin greiði samkvæmt 18. grein þeirra 1½% af heildarsölu sinni. Þá koma hér enn til greina lög nr. 43/1966 um breytingu á lögum nr. 51/1964. Þar er ákveðið, að 18. gr. síðarnefndra laga verði á þá leið, að Viðtækjaverzlunin greiði landsútsvar, sem ákveðið verði með sama hætti og tekjuútsvar félaga, sbr. 32. gr., 2. tölulið, laganna (þ. e. gefin er hundraðstöluregla af útsvarsskyldum hreinum tekjum samkvæmt skattskrá, sbr. 31. grein) án fráviks frá útsvarsstiga samkvæmt 34. gr. (til hækkunar eða lækkunar skv. fjárhagsáætlun sveitarfélags).

Í lögum, sem lúta að landsútsvari, er því hvarvetna áskilinn lögtaksréttur samkvæmt 1. grein laga nr. 29/1885 svo og dráttarvextir í sveitarsjóð, sjá 62. gr. laga nr. 51/1964.

Í máli þessu hafa komið fram endurrit af kærnum, er Viðtækjaverzlun ríkisins hefur sent skattstjóra og ríkisskattanevnd allt frá fyrstu álagningu landsútsvars á verzlunina árið 1963 svo og af úrskurðum þeirra þar að lútandi, enn fremur endurrit af ársreikningum Viðtækjaverzlunarinnar. Ekki þykir gerlegt að rekja efni þessara skjala lið fyrir lið, en kærur þessar ganga að langmestu leyti út á röksemdir fyrir þeirri staðhæfingu Viðtækjaverzlunarinnar, að ranglega hafi verið lagt landsútsvar á einkasölugjöld af sjónvarpstækjum, sem hafi verið afhent Ríkisútvarpinu óskert í samræmi við lög nr. 52/1962, 2. gr., án nokkurs rekstrarhagnaðar fyrir Viðtækjaverzlunina. Skattstjóri og ríkisskattanevnd hafa jafnan snúist við þessum kærnum á þann veg, að telja verði einkasölugjöldin tekjur Viðtækjaverzlunarinnar, og skipti engu máli, þótt tekjuafgangi sé öllum varið til styrktar ákveðnum stofnunum, sbr lög nr. 52/1962. Vísast hér til rskj. 9—25, en þar skráðar röksemdir eru meginhluti af málflutningi aðilja í lög-taksmáli þessu, enda snýst það um réttmæti álagningar landsút-

svars á einkasölugjöld þessi og koma fram, þá er farið verður út í að lýsa röksemdum aðilja í málinu hér að neðan.

Í málinu liggur fyrir útreikningur skattstofu Reykjavíkur á landsútsvari Viðtækjaverzlnar ríkisins árið 1967, framlagður sem rskj. 4 a, og er hann á þessa leið:

„Skattstofa Reykjavíkur

*Landsútsvar 1967*

*Viðtækjaverzln ríkisins.*

1. Nettó tekjur skv. framtali . . . . .	kr. 1.108.010.—04
2. Jólagjafir . . . . .	— 13.119.—66
3. Sjóvarpsgjald sbr. skuldir á efnahagsreikningi Ríkisútvarpið sjónvarpsd. T.V. gjöld 1966 . . . . .	— 6.608.357.—

---

kr. 7.729.486.—70

÷ hluti landsútsv. (1966) uppf. '66 til baka i.f. — 307.522.—

---

Landsútsvarsskyldar tekjur . . . . . kr. 7.421.964.—

---

+ 35. 070

*Landsútsvar og skipting þess.*

Landsútsvarsskyldar tekur . . . . . kr. 7.421.964.—

20% af — 75.000.— 15.000.—

---

30% af kr. 7.346.964.— 2.204.089.—

---

Heildar landsútsvar . . . . . kr. 2.219.089.—

*Heildar landsútsvar skiptist þannig:*

Jöfnunarsjóður fær  $\frac{3}{4}$  af . . . . . kr. 2.219.089.— 1.664.316.—

Reykjavík fær  $\frac{1}{4}$  af . . . . . — 2.219.089.— 554.773.—

---

2.219.089.— “.

Tölur þessar eru teknar upp úr rekstrar- og efnahagsreikningi ársins 1966, rskj. 4.

Gerðarbeiðandi vísar til þess, að fyrir liggja lögmæt álagning landsútsvars 1967. Gjaldldagi þess hafi verið 15. ágúst þ. á. Þar til bærir aðiljar hafi að vandlegri athugun ákveðið að hafna kæru greiðanda á álagningunni og sé úrskurður ríkisskattaneftnd-

ar bindandi. Því er ákveðið mótmælt, að lagt hafi verið á framangreindan gjaldstofn að óréttu. Fyrst og fremst sé ekki samræmi í því, að Viðtækjaverzlunin hafi lengst af möglunarlaust greitt landsútsvar af einkasölutekjum af almennum viðtækjum, en neiti að greiða sama útsvar af einkasölugjöldum sjónvarpstækja, en á þessu tvennu sé enginn eðlismunur. Þá hafi Viðtækjaverzlunin engan ágreining gert um gjöld af tekjum sínum af eigin innflutningi sjónvarpstækja, sem hafi verið mjög verulegur, eða nánast  $\frac{1}{3}$  af heildarinnflutningnum til landsins árið 1966, sbr. yfirlýsingu Viðtækjaverzlunarinnar á rskj. 28. Þegar um sé að ræða að skýra lög nr. 52/1962, sérstaklega hvað við sé átt með orðinu „hagnaður“, þá séu alls engin efni til að leggja aðra merkingu í það orð en almennt sé gert. „Hagnaður“ merki hér sem endanær brúttótekjur að frádregnum rekstrarkostnaði, en óheimilt sé með öllu að álykta, að með þessu hugtaki sé átt við „óskertar tekjur“. Í lögum nr. 52/1962 sé ekki minnst á skattaleg atriði og geti löginn því ekki hróflað við almennt viðurkenndum réttum skilningi almennra skattalaga. Sérlæg, sem fari í bág við hin almennu skattalög, verði að vera allsendis ótvíræð, og dómstólar ættu að túlka þau þröngt.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að þó að Viðtækjaverzlunin hafi síðustu árin, sem hún starfaði, eða allt frá og með 1964, fært margnefnt einkasölugjald af sjónvarpstækjum sem skuld við Ríkisútsvarpið á efnahagsreikning, sbr. rskj. 4 r. d., þá hafi þetta gjald áður verið fært teknamegin á rekstrarreikningi og þannig hafi forráðamenn Viðtækjaverzlunarinnar litið svo á, að um væri að ræða tekjur verzlunarinnar. Ekki sé um að ræða, að nein viðhorf í lögum eða álagningarreglum hafi breytt svo, að tilefni hafi gefizt til að líta öðrum augum á þessi einkasölugjöld eða bókfæra þau öðruvísi.

Þá mótmælir gerðarbeiðandi því, að tekjum af innflutningi sjónvarpstækja verði jafnað til skattfjár. Viðtækjaverzlunin hafi jafnframt eigin innflutningi farið þá leið að afla tekna af innflutningi annarra á sjónvarpstækjum með því að áskilja sér 15% leyfisgjald og komi þetta í sama stað niður, í báðum tilfellum verði um að ræða tekjur af innflutningi. Það séu tekjur Viðtækjaverzlunarinnar og sem slíkar landsútsvarsskyldar og komi þar ekki til álita ráðstöfun verzlunarinnar á hagnaðinum. Vekur gerðarbeiðandi jafnframt athygli á lögum nr. 43/1966, sem ákváðu, að Viðtækjaverzlunin, sem áður hafði greitt landsútsvar af sölu eða veltu, skyldi nú landsútsvarsskyld með sama hætti og lög nr.

51/1964 ákveða um félög í 32. grein. Þetta leiði til þess, sbr. 31. grein nefndra laga, sem ákveður, að útsvör skuli miða við hreinar tekjur og eign samkvæmt skattskrá, að lög nr. 90/1965 komi til greina um skilgreiningu á hugtakinu „hreinar tekjur“ í þessu sambandi eða reglugerð sett á grundvelli þeirra laga. Í þessum lögum og reglugerð eru engin ákvæði í þá átt að heimila tekju-skattskyldum aðilja að draga ráðstöfun á hagnaði frá tekjum sínum, áður en hreinar tekjur yrðu ákvarðaðar.

Af hálfu gerðarþola, Ríkisútvarpsins, er vísað til skjala málsins, þar sem fyrir liggur, að Viðtækjaverzlunin hefur jafnan kært álagningu landsútsvars. Þar hafi löngum verið um að ræða miklu lægri fjárhæðir en þetta lögtaksmál fjallar um og ekki hafi verið farið út í að láta sífelldan ágreining verða að dómstólamáli fyrr en nú.

Þá heldur gerðarþoli því fram, að þar sem lög nr. 52/1962 kveða svo á, að „hagnaður“ af innflutningi sjónvarpstækja skuli ganga til Ríkisútvarpsins í fastákveðnum tilgangi, þá sé um að ræða sérlög, sem gangi fyrir almennum lögum, ef á greini, t. d. hér fyrir hinum almennu skattalögum, enda ekki minnzt á almenn skattalög í þeim. Sá hafi verið skilningur forráðamanna Viðtækjaverzlnarinnar og Ríkisútvarpsins, að með orðinu „hagnaður“ sé átt við allt það fé, sem Viðtækjaverzlunin hafi innheimt vegna innflutnings annarra aðilja á sjónvarpstækjum. Í samræmi við þá skoðun hafi Ríkisútvarpið fengið allt það fé óskert. Viðtækjaverzlunin hafi aðeins innheimt fé þetta handa Ríkisútvarpinu án nokkurrar þóknunar og sé staðlaust að nefna „arð“ eða „gróða“ í þessu sambandi sem álagningarstofn í skilningi laga nr. 90/1965. Þá er litið sé á tilgang laga nr. 52/1962, sé það ljóst, að þessi skilningur og áralöng venja aðilja sé rétt. Tilgangurinn sé einvörðungu sá að afla Ríkisútvarpinu tekna til stofnunar sjónvarpsrekstrar, en alls ekki sá að halda til haga skattstofni fyrir ríki eða sveitarfélög. Það sé enn fremur í fullu samræmi við þessa almennu afstöðu, að einkasölugjöldin hafi verið færð skuldamegin á efnahagsreikning, og sé einkar mikilvægt að athuga afstöðu löggjafans til reikningsfærslunnar. Alþingi hafi einmitt löghelgað þessa skoðun Viðtækjaverzlnar og Ríkisútvarps og þar af leiðandi bókhaldsmeðferð. Er hér vísað til reikninganna á rskj. 4, en þar eru brúttótekjur taldar kr. 4.977.746.43 og vaxtatekjur kr. 15.169.60, eða samtals kr. 4.992.916.03, svo og til þess, að fjárlög fyrir 1966 áætla „tekjur“ Viðtækjaverzlnarinnar vera kr. 3.800.000.00, og enn til þess, að fram komi í fjárukalögum nr.

34/1968 fyrir árið 1966, að tekjur verzlunarinnar hafi farið kr. 1.192.916.03 fram úr áætlun, og komi berlega fram, að löggjafinn hafi fallizt á bókhaldstilhögun þá, sem að framan er lýst, að innkomin einkasölugjöld séu óviðkomandi rekstrarhagnaði Viðtækjaverzlunarinnar og að gjöld þessi skuli greiðast beint til Ríkisútvarpsins. Sama viðhorf löggjafans komi fram á fyrri árum í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og ríkisreikninga.

Þannig hafi löggjafinn helgað þessa staðföstu venju, sem orðið hafi til um meðferð þessa fjár, og kveðið svo á, að þessi leyfisgjöld séu ekki innan landsútsvarakerfisins. Þessi afstaða Alþingis sé bindandi fyrir dómstólana að sjálfsögðu.

Aðiljum lögtaksmáls þessa hefur orðið að deiluefni atriðið um vexti af lögtaksupphæðinni. Ber gerðarbeiðandi fyrir sig ákvæði 62. gr. laga nr. 51/1964 og 17. grein reglugerðar nr. 182/1962, sem sett er á grundvelli þessara laga. Þar segir, að greiða skuli sveitarsjóði 1% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði, ef greitt sé eftir gjalddaga. Vaxtakröfu þessari er mótmælt af hálfu gerðarþola og á það bent, að 62. gr. laga nr. 51/1964 mæli fyrir um dráttarvexti í sveitarsjóð, en ekki sé minnt á dráttarvexti til Jöfnunarsjóðs. Áminnt reglugerðarákvæði eigi sér ekki laga-stoð. Er krafizt algerrar sýknu af vaxtakröfu þessari, en til vara er þess krafizt, að vextir verði, ef til komi, ákveðnir 7% frá 11. desember 1967.

Það liggur fyrir í máli þessu, að Viðtækjaverzlunin hefur látið einkasölugjöld af innflutningi annarra á sjónvarpstækjum ganga beint til Ríkisútvarpsins án nokkurs frádráttar. Var þannig ekki um að ræða arð eða gróða Viðtækjaverzlunarinnar í venjulegum skilningi. Forráðamenn þessara fyrirtækja tveggja hafa komið sér saman um þessa tilhögun, og er hún óneitanlega út af fyrir sig heimil samkvæmt lögum nr. 52/1962, 2. gr., og í samræmi við vitanlegan tilgang þeirrar lagagreinar: að fá Ríkisútvarpinu tekjustofn. Í samræmi við þessa tilhögun hafa reikningar Viðtækjaverzlunarinnar verið þannig gerðir, að hér umræddur liður hefur verið færður á efnahagsreikning sem skuld við Ríkisútvarpið. Hefur gerðarbeiðandi vefengt þessa aðferð í reikningsgerð og talið hana undanbrögð ein og að engu hafandi gagnvart álagningu og heimtu landsútsvars og skattamálefnalegum meginreglum. Engu máli skipti hér, þó að arði þessum sé ráðstafað til 3-ja aðilja, og haggi það alls ekki landsútsvarsskyldunni, en telja verður, að hér skipti miklu máli tilgangur löggjafans, er hann setti 2. gr. laga nr. 52/1962, einnig er rétt að hafa mikla hliðsjón af því, að

Ríkisútvarpið er undanþegið opinberum álögum. Virðist í stuttu máli koma fram ótvíræð tilhneiging löggjafans í þá átt að gera hlut þess sem beztan. Og ekki virðist unnt að hafna þeirri staðhæfingu gerðarþola, að löggjafinn hafi beinlínis fallizt á nefnda bókhaldstilhögun og þá skoðun forráðamanna Viðtækjaverzlunarinnar og Ríkisútvarpsins og þá meðferð einkasölugjalds, sem þar liggur að baki og að framan er hvoru tveggja lýst.

Með tilliti til alls þessa er ekki annað fyrir hendi en að telja, að margumrædd einkasölugjöld hafi ekki verið álagningarstofn að lögum, og er þannig synjað um framgang þessarar lögtaksgerðar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

---

Föstudaginn 10. október 1969.

Nr. 136/1968. Þórður Kristjánsson og

Þórður Þórðarson

(Valgarð Briem hdl.)

gegn

Veli h/f og gagnsök

(Logi Guðbrandsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útboð. Samningar. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 2. ágúst 1968. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 1. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. september s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðal-